

Nr. 10/1898:

Rjettvísín
gegn
Ágúst Jónssyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Árnassýslu, gengnum 21. okt. f. á., var hinn ákærði Ágúst Jónsson dæmdur fyrir heimildarlausu meðferð á annars manns fjármunum til fangelsis við vatn og brauð í 2×5 daga; svo skyldi hann og greiða allan sakarkostnað, þar á meðal 4 kr. til talsmanus síns í hjerði og 3 kr. í iðgjöld til Guðmundar bóksala Guðmundssonar á Eyrarbakka. Þessum dómi hefur hlutað-eigandi amtmaður af hálfu rjettvísinnar skotið til landsyfirdómsins.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og öðrum skýrslum, sem fengnar eru í málinu, kom ákærði 18. nóv. f. á., er hann var staddur á Eyrarbakka, inn í hús Guðmundar bóksala Guðmundssonar þar; hittí hann í bóksölubúðinni bróður Guðmundar, Friðrik, og var allengi þar hjá honum, en brá sjer þó í burtu stundarkorn. Má álíta það sannað, að þeir hafi neytt brennivins, er ákærði var með, eins og líka, að ákærði hafi verið orðinn mikið drukkinn, áður en hann fór úr húsi Guðmundar, en þá var farið að skyggja. Nokkru eptir varð Friðrik þess var, að askja með hjer um bil 3 kr. í var horfin úr bóksölubúðinni. Ákærði hjelt sama kvöld upp að Hallskoti í Flóagafshverfi og gisti þar um nóttina. Um kveldið var hann inni í baðstofu hjá heimilisfólkinu; er hann hafði setið

í baðstofunni litla stund, fór hann ofan í vasa sinn til þess að taka eitthvað upp úr honum, og er hann tók höndina aptur upp úr honum, hjelt hann á dós, sem hann snöggvast opnaði, en stakk þegar í stað aptur á sig; þó sá sumt af heimilisfólkinu, að peningar voru í öskjunni. Á leiðinni frá Hallskotu fleygði hann öskjunni, en hirti peningana, sem í henni voru, með þeim ásetningi, að skila þeim ekki, heldur kasta eign sinni á þá; keypti hann seinna fyrir þá brennivín og tóbak. Ákærði hefur stöðugt staðhæft, að hann muni ekki eptir, með hverjum atvikum hann náði dósinni, eins og líka, að honum hafi orðið hverft við, er dósin kom upp úr vasa hans í baðstofunni í Hallskotu; þennan framburð ákærða, sem er mjög gefinn fyrir áfenga drykki, og sem var mjög drukkinn, er hann fór úr húsi Guðmundar bóksala, er ekki alveg næg ástæða til að vefengja. Það er ekki nákvæmlega upplýst, hve mikið af peningum var í dósinni, en því hefur verið haldið fram, að það hafi verið nálægt 3 kr., og hefur ákærði ekki haft neitt að athuga við það.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur áður með aukarjettardómi Árnassýslu 12. júní 1888 verið dæmdur fyrir þjófnað til fangelsis við vatn og brauð í 5 daga. Afbrot það, sem hann nú er ákærður fyrir, hefur hjerðsdómurinn með rjettu heimfært undir 250. gr. alm. hegningarl., og með því að hegningin virðist hæfilega metin af honum 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og með því að yfirdómurinn fellst á ákvæði hjerðsdómsins um málskostnað og iðgjöld, þá ber að

staðfesta hinn áfrýjanda dóm. Akærða ber einnig að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns þar, 10 kr. til hvors þeirra.

Það hefur orðið nokkur dráttur á rekstri málsins í hjerði, en hjeráðsdómariinn hefur nægilega rjettlætt hann, og vottast því, að rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus. Sókn og vörn fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjandi dómur á að vera óraskaður Ákærði Ágúst Jónsson greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og cand. jur. Halldórs Bjarnasonar, 10 kr. til hvors þeirra. Ídæmd iðgjöld lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 12/1898:

Rjettvísin
gegn
Magnúsi Jenssyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Suður-Múlasýslu, upp-
kveðnum 27. sept. f. á., var hinn ákærði Magnús
Jensson dæmdur fyrir þjófnað til að sæta 6 daga
fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan
kostnað sakarinnar, þar með talin varnarlaun 4 kr.